25
1. febr. 2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

26
4. febr.

# LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1949.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1949 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

| | Innborganir: | Áætlun: | Reikningur: |
|---|---|---|---|
| 1. | Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga .. | kr. 211 940 000.00 | kr. 209 791 802.85 |
| 2. | — — 3. — A. — .. | — 70 300 372.00 | — 79 781 652.15 |
| 3. | — — 3. — B. — .. | — 10 000.00 | — 16 704.92 |
| 4. | — — 4. — — .. | — 964 455.00 | — 1 420 701.22 |
| 5. | — — 5. — — .. | — 1 500 000.00 | — 3 919 897.71 |
| 6. | Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga | — 2 510 000.00 | — 111 325 256.90 |
| | Greiðslujöfnuður | — 504 053.00 | |
| | | Kr. 287 728 880.00 | Kr. 406 256 015.75 |

| | Útborganir: | Áætlun: | Reikningur: |
|---|---|---|---|
| 1. | Gjöld samkvæmt 7. gr. fjárlaga .. | kr. 7 303 344.00 | kr. 7 905 307.02 |
| 2. | — — 8. — — .. | — 287 344.00 | — 366 422.36 |
| 3. | — — 9. — — .. | — 2 315 576.00 | — 2 812 367.02 |
| 4. | — — 10. — I. — .. | — 3 015 167.00 | — 4 221 223.03 |
| 5. | — — 10. — II. — .. | — 385 175.00 | — 401 239.00 |
| 6. | — — 10. — III. — .. | — 2 059 900.00 | — 2 981 960.60 |
| 7. | — — 11. — A. — .. | — 11 756 088.00 | — 13 545 551.02 |
| 8. | — — 11. — B. — .. | — 858 160.00 | — 1 165 740.31 |
| 9. | — — 11. — C. — .. | — 4 986 614.00 | — 6 081 796.32 |
| 10. | — — 11. — D. — .. | — 1 300 000.00 | — 1 122 723.27 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 11. | Gjöld samkvæmt | 12. gr. | | fjárlaga .. | kr. | 14 056 595.00 | kr. | 13 867 162.09 |
| 12. | — — | 13. — | A. | — .. | — | 25 651 950.00 | — | 29 632 939.46 |
| 13. | — — | 13. — | B. | — .. | — | 2 854 000.00 | — | 5 080 958.06 |
| 14. | — — | 13. — | C. | — .. | — | 8 940 000.00 | — | 9 868 877.33 |
| 15. | — — | 13. — | D. | — .. | — | 2 128 203.00 | — | 2 344 229.57 |
| 16. | — — | 14. — | A. | — .. | — | 3 357 050.00 | — | 3 613 833.47 |
| 17. | — — | 14. — | B. | — .. | — | 28 304 288.00 | — | 32 871 500.71 |
| 18. | — — | 15. — | A. | — .. | — | 2 619 025.00 | — | 3 129 008.77 |
| 19. | — — | 15. — | B. | — .. | — | 3 336 183.00 | — | 3 532 227.50 |
| 20. | — — | 16. — | A. | — .. | — | 20 266 675.00 | — | 22 937 747.99 |
| 21. | — — | 16. — | B. | — .. | — | 1 176 624.00 | — | 1 649 687.38 |
| 22. | — — | 16. — | C. | — .. | — | 751 220.00 | — | 772 211.10 |
| 23. | — — | 16. — | D. | — .. | — | 5 010 690.00 | — | 4 943 219.99 |
| 24. | — — | 17. — | | — .. | — | 26 443 190.00 | — | 28 397 230.45 |
| 25. | — — | 18. — | | — .. | — | 5 840 231.00 | — | 6 643 699.79 |
| 26. | — — | 19. — | 1. | — .. | — | 64 640 000.00 | — | 73 115 544.19 |
| 27. | — — | 19. — | 2. | — .. | — | 6 500 000.00 | — | 7 022 956.98 |
| 28. | — — | 19. — | 3. | — .. | — | 500 000.00 | — | 5 713 343 19 |
| 29. | Eignahreyfingar samkv. | 20. gr. | | fjárlaga | — | 31 085 588.00 | — | 108 347 866.39 |
| | Mismunur út- og innborgana | | | | | | — | 2 167 441.39 |
| | | | | | Kr. | 287 728 880.00 | Kr. | 406 256 015.75 |

26
4. febr.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

**Steingrímur Steinþórsson.** **Jón Pálmason.** **Jón Ásbjörnsson.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

# LÖG

27
4. febr.

**um breyting á lögum, nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna (37. gr.) komi nýr kafli, er nefnist:
**Lánadeild smáíbúðarhúsa** — og breytist kaflaskipting laganna og greinatala samkvæmt því.

2. gr.

(38. gr.) Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru eða verulegu leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela má Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar.